

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndum fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. desember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1981:

	U.S. \$ pr. tunnu cif.
Cutsíld A	152,02
Cutsíld B	129,24
Specialsíld A	138,04
Specialsíld B	120,65
Sykursíld A	156,00
Sykursíld B	141,51
Kryddsíld A	156,97
Kryddsíld B	139,16
Rúndsíld C	97,14

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Verðið miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. desember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.